


Skipulagsstofnun

Laugavegi 166

105 Reykjavík



Végarði 05.02 2015

Efni: Umsögn um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026

Með vísan í bréf Skipulagsstofnunar dags. 19.12 2014, þar sem óskað er umsagna um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Á fundi sveitarstjórnar Fljótisdalshrepps 03.02 2015, var fjallað um tillögu að landsskipulagsstefnu. Eftirfarandi er bókun úr fundargerðarbók Fljótisdalshrepps og óskast hún skoðuð sem umsögn Fljótisdalshrepps:

9. Landsskipulagsstefna.

Eftirfarandi bókun samþykkt og oddvita falið að koma á framfæri athugasemdum/ umsögn sveitarstjórnar við tillögu að Landsskipulagsstefnu :

Sveitarstjórn Fljótisdalshrepps telur að í tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 felist að lagðar eru nokkrar kvaðir og kostnaður á sveitarfélög, jafnframt því að takmarka skipulagsvald þeirra. Mikilvægt er að tillagan verði kostnaðargreind og sveitarfélögum verði bættur kostnaður sem á þau leggst við samþykkt Landsskipulagsstefnu.

Í tillögu að Landsskipulagsstefnu er víða gengið út frá að til staðar verði grunnöggn s.s. kortagrunnar yfir vegslóða, stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins, mælikvarðar settir á sviði fjarskiptamála fyrir skipulagsgerð, ný löggjöf verði sett um skipulagsmál- á haf og strandsvæðum, úrbætur verði gerðar í skráningu og miðlun upplýsinga um húsnæðismál, unnin verði og samræmd greining á vinnusóknar og þjónustusvæðum stærstu þéttbýlissvæða, leiðbeiningar liggja fyrir um flokkun landbúnaðarlands, mannvirki og þjónusta á hálendinu skráð , víðerni kortlögð o.s.frv.

Áriðandi er að vinna við grunnöggn hefjist þegar í stað , þannig að þau liggja að mestu fyrir þegar/ef Landsskipulagsstefna tekur gildi.

Í framsetningu á markmiðum vaðandi sjálfbæra byggð í dreifbýli (kafla 2.1.) og í kafla 3.1 Heildstætt búsetumynstur í jafnvægi í byggðapróun , virðast meginmarkmiðin vera að styðja við og styrkja þéttbýlisbyggð , að einhverju leyti á kostnað dreifbýlis. Sveitarstjórn Fljótisdalshrepps mótmælir slíkri framsetningu og telur að hún geti

stuðlað að hnignun byggðar í dreifbýli og horfa verði til þess í markmiðum Landsskipulagsstefnu að dreifbýlisbyggðir verði styrktar á eigin forsendum s.s. með nýting auðlinda í nærumhverfi og eflingu atvinnulífs í dreifbýli.

Skipulagsstofnun ber samkvæmt skipulagslögum að hafa hliðsjón af aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga við gerð landsskipulagsstefnu, skjalið sem inniheldur tillögu að landsskipulagsstefnu þarf að bera þess skýrar merki. Skýrari greinamun þarf að gera á stefnumarkandi tillögum sem geta haft áhrif við staðfestingu aðalskipulagstillagna sveitarfélaga og tillögum sem ber að líta á sem leiðarljós.

Varðandi skipulag á miðhálandi Íslands þarf að taka tillit til óbeins eignaréttar þeirra sem beitarrétt eiga á miðhálandinu á grundvelli úrskurða Óbyggðanefndar. Skýrt þarf að vera að áætlanir Landgræðslu ríkisins verði ekki bindandi fyrir sveitarfélög. Ekki er tekið undir að hverfisverndarákvæði verði nýtt til úrræða gegn ofbeit á svæðum a. m.k. ekki þar sem svæði eru ógirt.

Virðingarfyllt

f.h. sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps,


Gunnþórunn Ingólfssdóttir

